

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir,
fulltrúi skipulagsmála
Geislagötu 9
600 Akureyri

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
22. okt. 2010 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. október 2010
Tilvísun: UST20100600199/ksj

Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018. Breyting á aðalskipulagi, Akureyrarflugvöllur.

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018. Tillaga er um eftirfarandi breytingar: Mörk flugvallarsvæðisins eru færð út og miðast nú við aðliggjandi stofnbrautir, sveitarfélagsmörk í suðri og vesturkvísl Eyjafjarðarar milli flugbrautar og Stórhólma. Landfylling norðan flugstöðvar er stækkuð um 0,24 ha, landfylling sunnan Leiruvegar 0,11 ha vegna aðflugsvita. Einnig eru reiðleið og gönguleið umhverfis suðurhluta flugbrautar lagfærðar, þéttbýlismörk aðlöguð og breyttur farvegur Brunnár suður fyrir flugbraut sýndur. Flugbraut lengist úr 2000 metrum í 2700 metra.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Flugvallarsvæði

Fram kemur í greinargerð er fylgir breytingartillögunni að flugvallarsvæðið er í gildandi skipulagi 102,8 ha en samkvæmt breytingartillögunni verður svæðið 162 ha. Árið 2004 var flugvallarsvæðið stækkað úr 45 ha í 102,8 ha. Í dag eru þau svæði sem fara samkvæmt tillögu að aðalskipulagsbreytingunni undir flugvallarsvæðið að stórum hluta skilgreind sem óbyggð svæði. Fram kemur í greinargerð er fylgir tillögu að aðalskipulagsbreytingu að í gildandi skipulagi sé flugbraut 2.000 m á lengd, en í tillögu að breyttu aðalskipulagi sé gert ráð fyrir að flugbraut verði 2.700 m á lengd. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að þessi lenging á flugbraut er ekki talin upp í lista yfir breytingar á skipulagsuppdraetti. Einnig kemur fram að: „Öryggisgirðing utan um flugbraut og flugvallarstarfsemi fylgir ekki mörkum flugvallarsvæðisins og verður hluti þess opið land með útivistarstíg og reiðleið.“ Umhverfisstofnun tekur undir þetta og telur mikilvægt að svæðið sunnan flugbrautar verði opið land með útivistarstíg og reiðleið og að svæðinu verði ekki raskað frekar en orðið er.


Að mati Umhverfisstofnunar er framsetning skipulagsuppdráttar varðandi framtíð votlendissvæðis sunnan flugbrautar óljós og ekki eru sett fram rök eða þarfagreining fyrir því hvers vegna verið er að breyta landnotkun svæðanna fyrir sunnan flugbraut og vesturbakka kvíslar Eyjafjarðarar er liggur vestan Stórhólms undir flugvallarsvæðið. Umhverfisstofnun


gerir ekki athugasemd við stækkun landfyllingar norðan flugstöðvar um 0,24 ha og stofnunin gerir ekki athugasemd við stækkun landfyllingar sunnan Leiruvegjar um 0,11 ha. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að flugvallarsvæðið er stækkað í suður að sveitarfélagamörkum, og stofnunin gerir athugasemdir við færslu flugvallarsvæðis út í miðja þá kvísl Eyjafjarðarár er liggur næst flugvallarsvæðinu.

Náttúruminjasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar eru á náttúruminjaskrá (*svæði 510, Hólmarnir*). Hólmarnir eru einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Leirur í Eyjafirði falla jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrir sunnan flugvallarsvæðið eru votlendissvæði, svokallaðar Kjarna- og Hvammsflæður. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Kjarnaflæðar, sem eru sunnan við núverandi flugvallarsvæði, eru eitt þeirra svæða sem eru mikilvæg sem fæðusvæði fugla í byrjun vors og einnig að sumarlagi fyrir fugla sem verpa annars staðar á óshólmasvæðinu, sbr. skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2001 um fuglalíf í óshólum Eyjafjarðarár. Votlendustu svæðin á Kjarna- og Hvammsflæðum hafa yfirgnæfandi mesta þýðingu fyrir fuglalíf. Þau eru fyrst og fremst fæðusvæði, en einnig eru víða ágætis varpstaðir. Meðal fuglategunda sem þar hafa sést eru fjórar tegundir sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. skeiðönd (tegund í hættu), grágæs (tegund í yfirvofandi hættu), grafönd (tegund í nokkurri hættu) og stormmáfur (tegund í nokkurri hættu). Miðað við framangreint er ljóst að ofangreint náttúruminjasvæði sem gert er ráð fyrir að taka undir stækkun flugvallarsvæðisins skv. tillögu að breytingu á aðalskipulagi er í dag mikilvægt fyrir fugla, bæði sem varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Því ætti að forðast frekari framkvæmdir á því svæði.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun